

Íslenska 10. bekkur

Markmið, kennsluaðferðir og kennarar

Markmið og kennsluaðferðir:

Íslenskukennsla hefur það hlutverk að efla tjáningu og sköpun bæði í töluðu og rituðu máli. Gott málfar er meginforsenda samskipta og miðlunar. Kennslan mun því taka mið af þessu og markmiðið er að efla færni í málnotkun og tjáningu svo nemendur geti að grunnskóla loknum, tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og jafnframt tekið þátt í að móta hana.

Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu er undirstaða þess. Leitast er við að hafa námsefni og kröfur í samræmi við hæfni hvers og eins með verkefnum við hæfi. Þótt nemendur vinni á mismunandi hraða verður sama námsefni fyrir alla en aukalega ýmis verkefni sem dýpka skilning á viðfangsefninu fyrir bráðgera nemendur. Jafnframt verður stoðþjónusta og aðstoð í tímum í boði fyrir þau sem þurfa.

Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir á borð við verkefnamiðað nám, samvinnunám, umræðuaðferðir og þrautalausnir.

Kennarar: **Björg Þorsteinsdóttir** (bjorgth@seltjarnarnes.is), **Guðfinna Pétursdóttir** (guðfinnap@seltjarnarnes.is), sérkennsla: **Júlíus Heimir Ólafsson** (julius.h.olafsson@seltjarnarnes.is)

Námsmat

Einkunnir eru gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnuna í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið. Stuðst verður við aðferðir úr leiðsagnarmati og lögð áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um stöðu sína hverju sinni.

- Hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda eru metin í bókstöfum (A, B+, B, C+, C, D, **L og Ó**). Auk þess fá nemendur lokið eða ólokið fyrir verkefni í mentor

Námsaðlögun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur vinna á eigin forsendum, eftir getu sinni og undir leiðsögn
- Kennarar veita bráðgerum nemendum tækifæri til að dýpka námsefnið hverju sinni

- Sérkennarar og faggreinakennarar vinna saman að því að finna leiðir og verkefni sem henta þroska og getu nemenda
- Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir nemendur sem geta ekki fylgt skólanámskrá

Hlutverk og vinnulag nemandans

Hér koma fram viðmið um:

Samskipti	Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitsssemi, virðingu og kurteisi	Viðbrögð við ritstuldi	Nemendur læra að virða hugverk annarra og þróa eigin færni í að skrifa og vinna á réttan hátt með heimildir. Viðbrögð: • Nemandi fær tækifæri til að vinna verkefnið að nýju með leiðsögn. • Við endurtekið brot fær nemandi D í einkunn og getur ekki skilað verkefninu inn að nýju. • Nemandi sem er uppvís að svindli á prófi fær undantekningarlaust D í einkunn.
Mæting og virkni í tímum	Ætlast er til að nemendur mæti á réttum tíma með bækur og skriffæri.	Heimavinna og hjálpargögn	Miðast við vinnuframlag í kennslustund auk þess sem heimalestur er hluti af náminu
Hlutverk nemenda	Ætlast er til að nemendur mæti á réttum tíma með bækur og skriffæri.	Hlutverk kennara	Leiðbeina nemendum í námi og fylgjast með framvindu þess.

Lykilhæfni í námsgrein

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfniviðmið í námsgreininni:

Nemandi getur:

- Brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum.
- Tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti.
- Valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.
- Sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar.

Námsáætlun

Tímabil og viðfangsefni	Hæfniviðmið Byggð á matsviðmiðum við lok 10. bekkjar. Sjá nánar í skólanámskrá.	Námsmat	Kennsluaðferðir	Námsefni
ágúst-sept. Málfræði - unnið með hljóðfræði og staðbundinn framburð. Stafsetning - unnar verða æfingar í réttritun Ritun og framsögn - nemendur fylgja reglum um uppsetningu, byggingu og frágang ritgerða.	<i>Nemandi getur:</i> - beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun, - beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki. - skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr, - flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi,	Nemandi tekur próf eftir hverja námslotu í málfræði. Stafsetningarupplestur verður reglulega þar sem réttritunarreglur verða til námsmats. Nemendur verða metnir fyrir framsögn og áheyrn. Ritanir verða metnar eftir fyrirfram ákveðnum reglum um uppsetningu, byggingu og frágang. Námsmat verður við lok hvernar yfirferðar á bókmenntum, ýmist próf eða verkefni.	<i>Nemandi:</i> - vinnur málfræðiverkefni bæði í skólanum og heima, - vinnur stafsetningaræfingar í skólanum og fer yfir þær heima, - skrifar ritanir bæði í skólanum og heima, fer eftir eðli verkefnisins, - les bókmenntir heima og vinnur verkefni í skólanum, - fær ólesna texta og svarar spurningum upp úr þeim, - vinnur ljóðaverkefni í skólanum og heima.	Kennslubók í málvísí og ljóðlist eftir Jón Norland. Ýmsar stafsetningaræfingar frá kennara. Vertu ósýnilegur eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Upprifjunarverkefni í orðflokki frá kennara. Gísla saga Súrssonar. Ólesnir textar.

okt.-des. Málfræði - hljóðbreytingar og orðmyndun Stafsetning - unnar verða æfingar í réttritun Lestur og bókmenntir - Vertu ósýnilegur Framsögn og ritun Lestur - ljóðatúlkun, myndmál og bragfræði	• beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun, • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki. • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir, • beitt ríkulegu tungutaki, fjölbreyttum orðaforða og málsniði í texta eftir því hver tilgangur skrifanna er, fyrir hvaða viðtakendur er skrifað og hvaða birtingarform er valið, • flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi, • notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum. • lesið fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni,			
---	---	--	--	--

jan.-mars Málfræði - upprifjun á orðfloknum Stafsetning - unnar verða æfingar í réttritun Málfræði - upprifjun á setningarfræði Framsögn og ritun	• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra, • miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum, • beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað til þess reglur um réttritun og önnur hjálpartæki. • beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um tungumálið, þróun og einkenni þess og nýtt hana í eigin málnotkun, • nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.			
apríl - maí Lestur og bókmenntir - Gísla saga Súrssonar	• lesið og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð, • lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir,			

Ólesnir textar - lesskilningur Stafsetning - unnar verða æfingar í réttritun Áhorf - kvikmyndaverkefn i	• skilið og fjallað um fjölbreytta texta, greint þá og borið saman á margvíslegan hátt og lagt rökstutt og gagnrýnið mat á inntak þeirra og eiginleika, • horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt.			
--	--	--	--	--